

SHALDOR
skoðun 12



3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Fasteignir.is
Lyftarar



Gull á CenterHotel Klöpp
23.-25. apríl



GREITT FYRIR GULLIÐ Á STAÐNUM!



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

23. apríl 2012
94. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

110 ára af-
mæli fagnað

Fimm
skáldsögur
Halldórs
Laxness verða
gefnað út á
rafbók í tilefni dagsins.

tímamót 16



Barlómur RE

Sjálfstæðismenn tala
eins og það jafngildi vist í
Gúlaginu að fá ekki lengur
að græða peninga á hvaða
hátt sem er.

í dag 13




Styttist í uppgjörið

Man. Utd og Man. City
munu mætast í hreinum
úrslitaleik um enska
meistaratilinn.

sport 26

veðrið í dag



HLÝJAST SV-TIL Í dag má búast
við NA- og A-áttum, víða 3-10 m/s
en heldur hvassara við suðurströnd-
ina. Norðan- og austantil verður
fremur skýjað en léttara yfir sunnan-
og vestanlands. Hiti allt að 10°C.

VEÐUR 4

Karlar koma með fyrnd brot

12 karlar og 14 konur leituðu til Aflsins á síðasta ári vegna kynferðisbrota. Flestir leita sér aðstoðar vegna gamalla mála. Konur gerendur í sumum málum. 97 prósent kæranda kynferðisbrota á Akureyri eru konur.

LÖGREGLUMÁL Nær helmingur þol-
enda kynferðisbrota sem leitaði til
Aflsins á Akureyri á síðasta ári voru
karlmenn. Alls leituðu 12 karlar og
14 konur til samtakanna í fyrra,
að því er fram kemur í ársskýrslu.
Starfsmenn Aflsins, sem eru sam-
tök gegn kynferðisofbeldi, tóku 685
einkaviðtöl á árinu, en þau voru 427
árið 2010. Viðtölum fjölgaði því um
rúm 60 prósent á milli ára.

Gerendur eru karlmenn í flestum
tilvikum, en Anna María Hjálmars-
dóttir, formaður Aflsins, segir þol-
endur af báðum kynjum hafa leit-
að til samtakanna vegna kvenkyns
gerenda. Hún segir hlutfall karla
sem leiti til þeirra hafa aukist jafnt
og þétt milli ára.

„Gerendurnir eru í flestum til-
vikum karlmenn, en ekki öllum.“

segir hún. „Ég held að fólk sé að
viðurkenna það meira og meira að
gerendur geti verið af báðum kyn-
jum.“

Ekki er algengt að karlarnir leiti
til lögreglunnar í kjölfar viðtals og
aðstoðar hjá Aflinu, en Anna María
segir það þó koma fyrir í undan-
tekingartilvikum.

Til samanburðar voru karlar 11,5
prósent þeirra sem leituðu til Stíga-
móta í fyrra, eða 32 af 278.

Aflið tekur á móti einstakling-
um af öllu landinu, en langstærst-
ur hluti þeirra sem leita til sam-
takanna koma frá Akureyri og
nágrenni.

Anna María segir meira um að
konur leiti sér aðstoðar vegna nýrra
mála en karlar. Á milli árunna 2007
og 2011 hefur nýjum málum fjöl-
g-

97% kæranda kyn-
ferðisbrota til
lögreglunnar á
Akureyri á árunum 2009 til
2011 voru konur.

LÖGREGLAN Á AKUREYRI

að um 466 prósent. Ekki hafa verið
teknar saman tölur um heildar-
fjölda þeirra einstaklinga sem hafa
leitað til Aflsins vegna kynferðis-
brota. Samtökin voru stofnuð árið
2002 í kjölfar tilraunaverkefnis
Stígámóta.

Hundrað kynferðisbrot voru
kærð til lögreglunnar á Akureyri á
árunum 2009 til 2011. Þar af voru
þrjú fórnarlambanna karlmenn.

Fimm brot hafa verið kærð það sem
af er ári og eru fórnarlömbin í öllum
tilvikum konur.

Gunnar Jóhannsson, yfirmaður
rannsóknardeildar lögreglunnar á
Akureyri, segir kynjahlutfall þeirra
þolenda sem leiti til Aflsins því ekki
endurspeglast í þeim málum sem
koma inn á borð til lögreglunnar.

„Skýringin er sú að í flestum til-
vikum er um að ræða karlmenn sem
eru nú að leita sér aðstoðar vegna
þess að þeir voru kynferðislega mis-
notaðir í æsku,“ segir hann. „Og í
langflestum tilvikum eru brotin
löngu fyrnd og gerendurnir jafn-
vel látnir.“

Rannsóknardeild lögreglunnar á
Akureyri rannsakar kynferðisbrot
á öllu Norðurlandi.

- sv



TRÚÐSLÆTI Í LAUGINNI

Viðamikil dagskrá var í Laugardalslaug í gær á lokahátíð Barnamenn-
ingarhátíðar í Reykjavík 2012. Sirkus Íslands kom fram í tvígang og lék meðal annars listir í nýrri þrautabraut
barnalaugarinnar. Þá fór fram söngkennsla í sundi, boðið var upp á trommuhring og margvísleg tónleikaatriði þar
sem klykkt var út með Pollapönki.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Landsdómur fellir í dag dóm yfir Geir H. Haarde fyrrverandi forsætisráðherra:

Eðlilegt að skilorðsbinda refsingu

DÓMSTÓLAR Landsdómur kveður
í dag upp dóm sinn yfir Geir H.
Haarde, fyrrverandi forsætisráð-
herra. Dómur verður upp kveðinn
í Þjóðmenningarhúsinu klukkan
tvö.

Alþingi gaf út ákæru í sex
liðum á hendur Geir fyrir það
sem hann gerði, eða lét vera að
gera, í aðdraganda hruns íslensku
bankanna haustið 2008. Lands-

dómur vísaði tveimur ákærulið-
um frá dómi. Ákæruliðirnir fjórir
sem eftir standa snúa að meintri
vanrækslu Geirs á tímabilinu frá
febrúar til októberbyrjunar 2008.

Sýnt verður beint frá dómsup-
pkaðningunni á báðum sjónvarps-
stöðum, Ríkissjónvarpinu og Stöð
2.

Geir hefur haldið fram sakleysi
sínu fyrir dómi í öllum ákærulið-

um. Brotin sem Geir er sakaður
um varða tveggja ára fangelsi hið
mesta, en Sigríður Friðjónsdóttir,
saksóknari Alþingis, fór ekki fram
á svo þunga refsingu við flutning
málsins fyrir Landsdómi og taldi
eðlilegt að skilorðsbinda refs-
inguna verði Geir fundinn sekur.

Aðalmeðferð málsins tók tvær
vikur, en hún hófst 5. mars síðast-
liðinn.

- óká / sjá síðu 8

Gyða Katrín Guðnadóttir:

Fer til New York í sumar

FÓLK Gyða Katrín Guðnadóttir
sigraði Eskimo/Next-fyrir-
sætukeppnina
sem haldin
var í Hörpu á
miðvikudag-
inn var. Sigur-
inn kom Gyðu
Katrínu tölu-
vert á óvart.

„Þetta var
rosalega
gaman og gekk
allt saman
mjög vel. Fyrirsætustarfið er
tiltölulega nýtt fyrir mér, ég
hugsaði með mér að þetta gæti
orðið skemmtileg reynsla og
ákvað þess vegna að taka þátt,“
segir Gyða Katrín um keppni-
na. Í verðlaun var samningur
hjá hinni virtu Next umboðs-
skrifstofu, flug til New York í
boði Next Models, gisting í einni
af módelíbúðum stofunnar og
minnst þrjár tókur með reynd-
um ljósmyndurum.



GYÐA KATRÍN
GUÐNADÓTTIR

- áþ/sjá síðu 30.

Gott Matinn

Mánudags
FISKURINN

Fáðu uppskriftina
á gottimatinn.is

**NÝ KILJA EFTIR
JAMES PATTERSON**

Dramatísk átök og óbærileg spenna



www.forlagid.is

G

Má bjóða þér
léttan kaffisopa?

G-mjólk

Náðu þér í iPhone hjá Nova fyrir SUMARIÐ!



2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir iPhone 3 GS!

3.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir iPhone 4S!

2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir iPhone 4!

iPhone 3 GS (8 GB)

4.490 kr. í 18 mán.

2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir!

69.990 kr. stgr.

iPhone 4S (16 GB)

8.690 kr. í 18 mán.

3.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir!

139.990 kr. stgr.

iPhone 4 (8 GB)

6.490 kr. í 18 mán.

2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir!

99.990 kr. stgr.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Miðgarði Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!


NOVA

Líf- og sjúkdómatryggingar

Það er margt sem felst í því að vera ábyrgir

FORELDRAR

Mynd 1.a



2012
Heillakeðja
barnanna

Í apríl renna 15% af
iðgjöldum seldra líf- og
sjúkdómatrygginga til
Barnaheilla.

 **Barnaheill**
Save the Children Iceland

Vertu líf- og sjúkdómatryggður

Með líf- og sjúkdómatryggingu hjá VÍS bjúðu þér og þínum nánustu öruggari og áhyggjulausari framtíð. Allir þeir sem hafa fyrir öðrum að sjá eða hafa fjárhagslegar skuldbindingar ættu að huga að mikilvægi líf- og sjúkdómatrygginga.

Kynntu þér málið á vis.is eða fáðu ráðgjöf í síma 560 5000.



KJÖRKASSINN



Ferð þú með dósir og flöskur í endurvinnslu?

JÁ 91,9%

NEI 8,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Hefur þú einhvern tímann sótt námskeið um fjármál?

Segðu skoðun þína á [visiris](#)

Vegagerðin gengur í vikunni frá samningi við Eimskip um rekstur Herjólfss:

Tilboðið var 18% undir kostnaði

SAMGÖNGUR Vegagerðin hefur tekið tilboði Eimskips um rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss árin 2012 til 2014.

„Tilboðið, við seinni opnun, hljóðaði upp á 681 milljón króna,“ segir í frétt á vef Vegagerðarinnar, en ganga á frá samningi um rekstur ferjunnar í vikunni. „Siglingar Herjólfss verða því óbreyttar í höndum Eimskips til 1. júní 2014,“ segir í frétt Vegagerðarinnar.

Áætlaður verktakakostnaður er sagður hafa numið um 832 milljónum króna og því hafi tilboð Eimskips verið um 18 prósentum undir því.

Tilboð í rekstur Herjólfss

Bjóðandi	Tilboð*	Hlutfall
Sæferðir ehf.	903,2	108,6%
Sæferðir ehf. (fráviksboð I)	855,8	102,9%
Áætlaður kostnaður	831,8	100,0%
Sæferðir ehf. (fráviksboð II)	772,0	91,0%
Samskip hf., Reykjavík	755,1	90,8%
Eimskip Íslands ehf., Reykjavík	681,0	81,9%

*milljónir króna. Heimild: Vegagerð Íslands.

Seinni opnun tilboða fór fram 13. apríl síðastliðinn, að því er fram kemur á vef Vegagerðarinnar.

Alls buðu þrír í reksturinn, Eimskip, Samskip og Sæferðir í Snæ-

fellsbæ. Síðastnefnda fyrirtækið var jafnframt með tvö fráviksboð, þannig að alls voru fimm boð í reksturinn.

- óká

Samið vegna Landsmótsins:

Björgunarfólk annast gæsluna

BJÖRGUNARSVEITIR Landsmót hestamanna 2012 hefur samið við Björgunarsveitirnar um gæslu á mótinu í Reykjavík í sumar.

Sveitirnar sem annast gæsluna eru Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík, Björgunarsveitin Ársæll, Björgunarsveitin Kjölur og Hjálparsveit skáta í Reykjavík. Fram kemur á vef Flugbjörgunarsveitarinnar að teymi frá hverri sveit vinni nú að skipulagningu gæslunnar, en í kjölfarið verði kallaður til mannskapur til að annast verkið.

- óká

Aðalfundur

Aðalfundur samtaka Psoriasis og exemsjúklunga "Spoex" verður haldinn í sal actavis Dalshrauni 1, Hafnarfirði fimmtdaginn 26. apríl 2012 og hefst fundurinn kl.19.00

Dagskrá: Aðalfundarstörf

Kaffiveitingar í boði Félagar fjölmennum



Nýttu tækifærið til pólitískra mótmæla

Andúð á íslenskum og kínverskum stjórnvöldum auðveldaði eigendum Kersins að meina forsætisráðherra Kína aðgangi að því. Þetta segir forsprakki þeirra. Talsmaður ríkisstjórnarinnar sakar hann um að ganga á rétt almennings.

FERÐAPIJÓNUSTA „Þessi viðbrögð voru fyrst og fremst til að koma í veg fyrir að þessi hópur myndi spilla þeirri náttúru sem við berum ábyrgð á og jafnframt gaf það okkur tækifæri til að mótmæla stefnu þessara tveggja stjórnvalda,“ segir Óskar Magnússon útgefandi,



WEN JIABAO



ÓSKAR MAGNÚSSON

sem fer fyrir eigendum Kersins í Grímsnesi. Eigendurnir meinuðu á laugarlag föruneyti kínverska forsætisráðherrans Wen Jiabao og íslenskra stjórnvalda að heim-sækja Kerid eins og ráð hafði verið fyrir gert. Í staðinn fékk forsætisráðherrann sér ís í Hveragerði og kynnti sér hvernig mætti elda mat með jarðhita.

Að sögn Jóhanns Hauksson-

ar, upplýsingafulltrúa ríkisstjórnarinnar, hyggst Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra ekki tjá sig um ákvörðunina, en sjálfur hafði Jóhann hins vegar þetta um málið að segja á Facebook-síðu sinni í gær:

„Eins er farið með einkaeignarrétt á Kerinu, íslenskri náttúruperlu, og einkaeignarrétt á óveiddum fiski í sjó. Óskar Magnússon ver þann rétt gagnvart almannarétti, annars vegar sem landeigandi, hins vegar sem útgáfustjóri fyrir sægreifa.“

Fleiri urðu til að gagnrýna þessa ákvörðun opinberlega í gær, meðal annars alþingismaðurinn Lilja Móseddóttir og Árni Finnsson, formaðurur Náttúruverndarsamtaka Íslands, sem sagði við Stöð 2 að það ætti ekki



VINSÆL NÁTTÚRUPERLA Óskar Magnússon segir hópferðir að Kerinu hafa verið bannaðar árum saman. Stjórnvöld hafi mátt vita það.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Aðdáun okkar á þessum stjórnvöldum er svo lítil að það var ekki mjög erfitt að taka þessa ákvörðun.“

ÓSKAR MAGNÚSSON
LANDEIGANDI

ad vera á færi einstaklinga að banna fólki að skoða náttúruperlur hér á landi.

Óskar bendir á að hópferðir að Kerinu hafi verið bannaðar árum saman og íslenskum stjórnvöldum hafi átt að vera fullkunnugt um það. Þar séu opinberar heimsóknir ekki undanskildar.

„Nú finna íslensk stjórnvöld upp

á því að fara þarna með á annað hundrað manns án þess að leggja svo lítið við að hafa yfirleitt samband við landeigendur sem þó eru að reyna að verja náttúru landsins eins og þeim ber skylda til.

Svo bætist það nú við að við sem eigum Kerfélagið erum ekki sérstakir aðdáendur íslenskra stjórnvalda og ekki kínverskra heldur og þessi framganga jók ekki hróður þeirra í okkar ranni.“

Ákvörðunin hafi hins vegar fyrst og síðast snúist um náttúruvernd. „Upphafleg ákvörðun okkar var ekki tekin af pólitískum ástæðum. En það breytir þó ekki því að aðdáun okkar á þessum stjórnvöldum er svo lítil að það var ekki mjög erfitt að taka þessa ákvörðun.“

stigur@frettabladid.is

Ný vitneskja: Fyrirlestur: Christopher Vasey

Andlát, framhaldslíf og endurholdgun

24 apríl 2012 – kl 20:00
Radisson Blu Saga Hotel v/Hagatorg, 107 Reykjavík
Erindið verður flutt á ensku.
Aðgangseyrir 500 kr. Skipuleggjandi: Christof.Leuze@leuze.de

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

Heyrðu, það er góð hugmynd :)



HEYRNARSTÖÐIN
Kringlunni • Sími 568 7777 • [heyrnarstodin.is](#)



BOARDWALK EMPIRE

Sunnudaga á Stöð 2

Meðlimir í mótorhjólaklíku í Danmörku fengu þunga dóma fyrir fíkniefnabrot: Vítisenglar smygluðu tonni af hassi

DANMÖRK Fjórir menn, þar af þrír núverandi og fyrrverandi meðlimir í mótorhjólasmökunum Vítisenglum, hafa í Kaupmannahöfn verið dæmdir til fangelsisvistar fyrir stórfellt smygl á tæpu tonni af hassi til Danmerkur.

Mennirnir eru taldir hafa verið stórtækir í hasssölu í Kristjaníu, en um er að ræða 983 kíló af hassi. Efnunum var ekið til Danmerkur og geymd í Hróarskeldu, þaðan sem átti að flytja þau til Kaupmannahafnar.

Smyglið fór fram veturinn 2010 til 2011, en mennirnir voru handteknir í fyrravor. Þeir játuðu

óvænt sekt sína fyrir nokkrum dögum.

Höfuðpaurinn, Vítisengill á sextugsaldri, fékk fimm ára dóm en hinir vægari dóma, allt niður í þrjú og hálf ár.

Auk þess voru teknar eignarnámi eigur forsprakkans að andvirði margra milljóna danskra króna, en þær voru taldar hafa verið keyptar fyrir ágóðann af fíkniefnasölu.

Hann fær þó að halda glæsiþreifreið af gerðinni Lamborghini þar sem hún var keypt fyrir lottóvinning að upphæð 5,2 milljóna danskra króna.



STÓRTÆKIR Þrír Vítisenglar voru meðal þeirra fjögurra sem dæmdir voru fyrir stórfellt smygl á hassi. NORDICPHOTOS/GETTY

ferð.is

Ný ferðaskrifstofa á netinu

Lækkað verð til Portúgal! 8. maí

Hraðferð

Taktu þátt í Hraðferð og sparaðu.
Lækkað verð 8. maí í tvær vikur.



Praia da Falesia

Flug og gisting

Adriana Beach

Allt innifalið! 8. - 22. maí

Verð frá **112.450 kr.**

Á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í þrívíli.

Innifalið: Flug, skattar og gisting.

Verð m.v. 2 í tvívíli frá 163.600 kr. með öllu inniföldu.

Albufeira

Flug og gisting

Ondamar

8. - 22. maí

Verð frá **77.200 kr.**

Á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð m/1 svefnh.

Innifalið: Flug, skattar og gisting.

Verð m.v. 2 í íbúð m/1 svefnh. frá 104.400 kr.

Flugsæti

Portúgal

8. - 22. maí

Verð frá **69.900 kr.**

Flug fram og til baka með flugvallarsköttum.

Úrval af gistingu í boði, sjá nánar á Ferð.is

fljúgðu fyrir miðna



ferð.is
sími 570 4455

ferð.is

ferð.is er íslensk ferðaskrifstofa sem einungis er starfrækt í gegnum netið. Íslendingum gefst með **ferð.is** kostur á að kaupa ódýrar ferðir á netinu án þess að slaka á kröfum um öryggi, þjónustu og góðan aðbúnað.

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað óttast heilbrigðisyfirvöld að hreindýr geti borið með sér milli landshluta?
2. Hvað hefur Ólafur Ragnar Grímsson náðað marga fanga í forsetatíð sinni?
3. Hvar var keppt í Formúlu 1 kappakstri um helgina?

SVÖRIN

1. Sandfjörðsjúkkdóma. 2. Fjórutlu og fimmm. 3. Í Barents.

Heildarfjölgun er 8,3 prósent: Gistinóttum Íslendinga fækkaði á síðasta ári

HAGTÖLUR Gistinætur voru rúmar 3,2 milljónir hér á landi árið 2011 og fjölgaði um 8,3 prósent frá fyrra ári, að því er fram kemur í Gistináttaskýrslum 2011 hjá Hagstofu Íslands.

Erlendir ríkisborgarar standa undir þremur fjórðu af heildarfjölda gistinátta og fjölgaði um 14 prósent milli ára. „Gistinóttum Íslendinga fækkaði hins vegar um 6 prósent,“ segir í frétt Hagstofunnar. „Eins og mörg undanfarin ár gistu Þjóðverjar hér flestar nætur, þá Bretar og svo Bandaríkjamenn.“

Horft er til allrar seldrar gistiþjónustu utan orlofshúsa félagsamtaka, stéttar- og starfsmannafélaga.

- óká

8

Landsdómur sker í dag úr um sekt eða sakleysi Geirs

Landsdómur kveður í dag upp dóm yfir Geir H. Haarde. Verði hann sakfelldur er hámarksrefsing við brotunum sem hann er sakaður um tveggja ára fangelsi. Saksóknari telur eðlilegt að skilorðsbinda mögulega refsingu.

FRÉTTASKÝRING

Hvenær kemur í ljós á hvorn veginn dómur Landsdóms fellur?

Landsdómur kemur saman í dag, væntanlega í síðasta skipti í langan tíma. Kveðinn verður upp dómur yfir Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, sem ákærður var af Alþingi fyrir það sem hann gerði, eða gerði ekki í aðdraganda bankahrunsins haustið 2008.

Dómur yfir Geir verður kveðinn upp í dag klukkan 14 í Þjóðmenningarhúsinu. Báðar sjónvarpsstöðvarnar munu sýna beint frá uppkvaðningu dómsins og má búast við að fjölmargir muni fylgjast með þegar dómur fellur.

Geir hefur haldið fram sakleysi sínu og í dag kemur í ljós hvort Landsdómur tekur undir hans rök eða undir rök saksóknara Alþingis.

Hámarksrefsing við brotunum sem Geir er sakaður um er tveggja ára fangelsi. Sigríður Friðjónsdóttir, saksóknari Alþingis, fór þó ekki fram á svo þunga refsingu við aðalmeðferð málsins, og taldi eðlilegt að skilorðsbinda refsingu verði Geir fundinn sekur.

Tveggja vikna aðalmeðferð fyrir dómnum hófst 5. mars síðastliðinn. Geir gaf sjálfur skýrslu fyrir dómnum, og í kjölfarið fylgdu nokkrir af ráðherrunum

sem sátu með honum í ríkisstjórn þegar bankarnir féllu. Bankastjórnar föllnu bankanna báru einnig vitni fyrir dómnum, auk margra núverandi og fyrrverandi starfsmanna Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans.

Framburður vitna í málinu var í ýmsar áttir, en flest áttu það sameiginlegt að telja að einhver annar en þau sjálf hefðu átt að bregðast við yfirvofandi hættu á fjármála-

6 ákæruliðir voru í upphaflegri ákæru Alþingis á hendur Geir H. Haarde, fyrrum forsætisráðherra. Tveimur var vísað frá dómi.

ÁKÆRA Á HENDUR GEIR H. HAARDE

kreppu í aðdraganda hrunsins. Mörg vitnanna voru þó sammála um að það hafi verið lítið sem Geir hefði getað gert á síðustu mánuðunum fyrir hrun til að afstýra hruninu eða draga verulega úr tjóninu sem af því hlaut.

Vitnaleiðslurnar eru þó aðeins hluti af því sem ákærvaldið og verjandi Geirs byggja sinn málatilbúnað á. Bæði saksóknari og verjandi hafa auk þess lagt fram ógrynni gagna sem Landsdómur hefur nú legið yfir frá því aðalmeðferðinni lauk þann 16. mars síðastliðinn. brjann@frettabladid.is

Fjórir ákæruliðir gegn Geir standa eftir

Alþingi gaf út ákæru í sex liðum á hendur Geir H. Haarde. Landsdómur féllst á kröfu Geirs um að tveimur ákæruliðum yrði vísað frá dómi. Eftir stóðu því fjórir ákæruliðir sem snúast um meinta vanrækslu Geirs á tímabilinu frá febrúar til byrjun október 2008.



- Geir var í fyrsta lagi ákærður fyrir að hafa vanrækt að gæta þess að störf samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika væri markvisst og skilaði tilætuðum árangri.
- Í öðru lagi er hann í ákæru sakaður um að hafa vanrækt að hafa frumkvæði að virkum aðgerðum stjórnvalda til að draga úr stærð bankakerfisins, til að mynda með því að stuðla að því að bankarnir minnkuðu efnahagsreikning sinn eða einhverjir þeirra flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi.
- Þriðji ákæruliðurinn snýst um Icesave-reikningana. Þar er Geir ákærður fyrir að hafa ekki fylgt því eftir og fullvissað sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi reikninganna úr útibúi Landsbankans í Bretlandi í þarlent dótturfélag bankans. Það hefði fært ábyrgð á reikningunum á herðar breskra stjórnvalda.
- Í fjórða og síðasta ákæruliðnum er Geir sakaður um að hafa látið hjá líða að halda ráðherra fundi um mikilvæg málefni. Í ákærinni segir að hann hafi látið hjá líða að funda með ráðherra um aðsteðjandi háska vegna fjármálakrisunnar.



Við bjóðum framkvæmdalán

6,25% óverðtryggðir vextir* og engin lántökugjöld

Íslandsbanki býður hagstæð framkvæmdalán til endurbóta á húsnæði. Lánin eru óverðtryggð skuldabréfalán með breytilegum vaxtakjörum samkvæmt vaxtatöflu bankans hverju sinni. Framkvæmdalán geta numið allt að 1,5 milljónum gegn veði og allt að 750.000 kr. án veðs.

Kynntu þér framkvæmdalán á www.islandsbanki.is eða í næsta útibúi Íslandsbanka.

*M.v. vaxtatöflu Íslandsbanka 13.04.2012



Stjórnvöld hafa framlengt átakið ALLIR VINNA til 1. janúar 2013

Þú getur fengið endurgreiðslu á virðisaukaskatti fyrir framkvæmdir á árinu 2012.

Kynntu þér málið á www.allirvinna.is.

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki


Viðhald

fasteigna og þakviðgerðir



Pace aðferðin



Háprýstipvottur




Ryðleysir



Péttingar



Viðgerðir



Gúmmíhúðun



Þak eftir meðhöndlun

- Löggiltir PACE verktakar.
- Þakviðgerðir og málun.
- Ryð og lekavarnir.
- Grindverk og pallar.
- Viðhald sumarhúsa.

Pace aðferðin tryggir þér
100% vatnshelt og ryðlaust þak.
Við komum og gerum fría
ástandsskoðun. Tryggjum
viðloðun og vatnsheldni í 10 ár.

R Byggingarfélagið Reisir ehf.

773 4441

reisir@reisir.is · www.reisir.is

Við tökum að okkur allt viðhald fasteigna.

Auglýsingin gildir sem 20.000.- kr. inneign á Pace aðferðina (þök) ef tilboði okkar er tekið.



NÝTT HEIMSMET Thaneswar Guragai setti fyrir helgi nýtt heimsmet í að snúa körfubolta á tannbursta sem haldið er í munni. Boltinn snerist í 22,5 sekúndur, sem er met.

NORDICPHOTOS/AFP

Til heiðurs Þráni Eggertssyni:

Vísindamenn fluttu erindi

FUNDIR Forseti Íslands flutti á laugardag ávarp í upphafi málþings til heiðurs Þráni Eggertssyni, prófessor emeritus í hagfræði við Háskóla Íslands.

Málþingið bar heitið *Economic Behaviour and Institutions Revisited*.

Sjö vísindamenn við bandaríska og evrópska háskóla fluttu erindi á þinginu.

- óká

Færri greinast með HIV-smit

Tvær konur og tveir karlar hafa greinst með HIV það sem af er ári, mun færri en í fyrra. Alls hafa 47 greinst á síðustu tveimur árum, þar af 23 sprautufíklar. Afar ólíklegt er að fólki smitist af gömlum sprautunálum.

HEILBRIGÐISMÁL Fjórir einstaklingar hafa greinst með HIV-smit það sem af er ári, tvær konur og tveir karlar. Einn einstaklinganna er sprautufíkill og smitaðist í gegnum óhreina sprautunál, en hinir fengu veiruna við samfarir. Um er að ræða þrjá Íslendinga og einn útlending.

Á síðustu tveimur árum kom upp HIV-faraldur meðal sprautufíkla hér á landi. Í fyrra greindust 23 með veiruna, þar af þrettán sprautufíklar. Árið 2010 greindust 24 með HIV-smit, fleiri en nokkru sinni, þar af tíu sprautufíklar.

Haraldur Briem sóttvarnarlæknir segir greinilegt að faraldurinn sé í rénun.

„Þessi eini fíkniefnaneytandi sem hefur greinst í ár er með klár tengsl við hópinn í fyrra,“ segir hann. „Menn eru mikið að skoða þann hóp fíkniefnaneytenda, þar sem þetta var hópsýking sem tengdist sennilega einhverjum tilteknum atburði, hugsanlega einhverju sprautupartí.“

Einar Þór Jónsson, framkvæmdastjóri HIV-samtakanna, segir þetta góðar fréttir. Auðvitað verði að vona það besta þrátt fyrir

að það sé einungis fjórðungur ársins sem sé búinn.

„Samtökin eru í stöðugu forvarnarstarfi og halda úti fræðslu, bæði meðal fólks sem hefur greinst með HIV og svo í skólum og öðrum stofnunum,“ segir hann og bætir við að það sé afar brýnt að halda umræðunni á lofti. „Vissulega eru ekki eins miklir fordómar og var áður, en þetta er samt svo mikið tabú.“

Einar segir marga HIV-jákvæða óttast höfnun frá samfélaginu; frá vinum sínum, fjölskyldu og á vinnustöðum. „Það er erfitt við þetta að eiga því þetta er svo mikið í þögninni,“ segir hann.

Hann bendir á að það sé afar brýnt fyrir fólk sem er í áhættuhóp að láta greina sig því með réttum lyfjagjöfum er í dag hægt að lifa með sjúkdómnum nær einkennalaus, gangi lyfjagjöfin vel. Og á meðan sjúkdómurinn er einkennalaus eru einstaklingarnir ekki smitandi.

Alls eru um 280 manns greindir með HIV á Íslandi í dag. Fyrsti einstaklingurinn greindist árið 1983 og fyrsta dauðsfallið úr alnæmi varð árið 1985. sunna@frettabladid.is



FARALDUR Talið er að HIV-faraldurinn sem geisaði meðal sprautufíkla í fyrra eigi rætur sínar að rekja til eins tiltekins atburðar, eins og samkvæmis þar sem fólk var að sprauta í sig fíkniefnum með sömu nál.

NORDICPHOTOS/GETTY

Lítil smithætta er af gömlum nálum

HIV-veiran lifir í afar skamman tíma utan líkamans og því er lítil sem engin hætta á því að fólk smitist við snertingu við gamlar sprautunálar sem liggja á víðavangi.

„Hún þarf að vera í vökvaformi til að lifa af,“ segir Haraldur Briem, sóttvarnarlæknir. „Ef blóðdropi stingst inn í þig sem er ekki skrælnaður og morkinn getur smit átt sér stað, en það er mjög ólíklegt.“

Haraldur man ekki eftir atviki þar sem fólk hefur smitast með því að stinga sig á gamalli sprautu. „En það er auðvitað hræðilegur möguleiki og auðvitað á að kenna börnum að passa sig á sprautum.“




HARALDUR BRIEM

„Ég kaupi aðallega í matinn fyrir mínar Aukakrónur“

Næstum 30 þúsund manns nota Aukakrónur til að kaupa allt frá matvælum til trygginga hjá tæplega 300 fyrirtækjum um land allt. Byrjaðu að safna Aukakrónum strax í dag.

Föstudagur » Krónan



Mánudagur



Þriðjudagur » Kaffitár



Hefðbundar eru ódýrari:
Bjóðast til að skreyta kistur

DANMÖRK Danskt fyrirtæki býðst til að sérhanna líkkistur með persónulegum myndum á, að því er segir á vef Kristeligt Dagblad. Afar og ömmur geta látið jarðsetja sig í kistu skreytta myndum af barnabörnunum og bændur myndum akra sinna.

Haft er eftir útfararstjóra að breyting sé nýtilkomin og flestir kjósi hvíta hefðbundna kistu. Hann kvaðst þó hafa heyrt af útför þar sem kistan var í formi bíls. Nýstárlegar kistur munu talsvert dýrari en hefðbundnar. - ibs

Grunnvatn undir Afríku er talið í um 100 sinnum meira magni en vatn sem er að finna á yfirborðinu:

Fara verður varlega í að bora eftir vatni

VÍSINDI Grunnvatnsbirgðir djúpt undir yfirborðinu á meginlandi Afríku eru um 100 sinnum meiri en allt vatn á yfirborðinu í álfunni, samkvæmt rannsókn jarðvísindamanna. Þeir vara við að farið verði of geyst í að bora eftir vatninu.

Talið er að yfir 300 milljónir manna í Afríku hafi ekki aðgang að hreinu vatni, og því mikill áhugi á niðurstöðum vísindamannanna sem kortlögðu grunnvatnslindir undir þessari gríðarstóru heimsálfu.

Gríðarlegar vatnsbirgðir má til dæmis finna undir eyðimörkum

Líbíu, Alsír og Tsjad, en vandinn er sá að lítið bætist í vatnslindirnar enda úrkoman lítil að því er fram kemur í frétt BBC um málið.

Ekkert vatn hefur bæst við gríðarstórar grunnvatnslindir undir Sahara-eyðimörkinni í um 5.000 ár. Sama á við um fleiri lindir sem finna má undir yfirborðinu. Þar sem ekki bætist í lindirnar ætti ekki að fara í stórvirkar aðgerðir til að dæla upp grunnvatninu, að mati vísindamannanna. Betra væri að bora minni brunna fyrir samfélög þar sem hreint vatn skorti. - bj



VATNSSKORTUR Talið er að yfir 300 milljónir manna í Afríku hafi ekki aðgang að hreinu vatni.

NORDICPHOTOS/AFP

Slökkviliðið kallað að Ásbrú:
Reykur reyndist vera vatnsgufa

BRUNAVARNIR Slökkviliðsmenn frá Brunavörnum Suðurnesja voru fyrir helgi kallaðir að Ásbrú, á gamla varnarsvæðinu, en þar var tilkynnt um reyk undan þaki.

Þegar slökkviliðsmennirnir mættu á staðinn kom í ljós að eldur var ekki laus heldur verið að hábrýstíþvo hús. Taldi einhver að vatnsgufan frá verkinu væri reykur og kallaði á slökkvilið.

Fleiri konur í bóknámi samkvæmt nýrri könnun Hagstofu Íslands um skólamál:

Körlum í doktorsnámi fækkar

MENNTAMÁL Um tveir af hverjum þremur nemum framhaldsskóla stunda nám á bóknámsbraut en um þriðjungur er í starfsnámi.

Að því er fram kemur í tölum Hagstofunnar um skólamál hefur hlutfall nemenda í starfsnámi lækkað lítillega frá síðasta ári og hafa nemendur ekki verið færri síðasta áratuginn. Fleiri karlar stunda starfsnám en konur, eða tæp 39% á móti 28%.

Nemendum á meistarastigi í háskólanámi hefur fjölgað ár frá ári allt þar til síðasta hausts, en þá fækkaði þeim um 1,4%. Sömu sögu er að segja af doktorsstigi. Þar hefur nemendum fjölgað árlega frá árinu 2001 en fækkaði nú um 5,4%.

Körlum í doktorsnámi fækkar um 15% en konum fjölgar um 1,4% frá fyrra ári. Tæplega fjórðungur doktorsnema eru útlendingar, flestir frá öðrum Evrópulöndum. - jhh



Í SKÓLANUM Nemendum á meistarastigi hefur fjölgað ár frá ári allt þar til síðasta haust. NORDICPHOTOS/GETTY

Frumvarp allsherjarnefndar:
Lagt til að 24 fái ríkisborgararétt

ALÞINGI Allsherjar- og menntamálanefnd hefur lagt fram frumvarp á Alþingi um að tuttugu og fjórum einstaklingum verði veittur ríkisborgararéttur hér á landi.

Samkvæmt greinargerð nefndarinnar bárust fjórutíu og tvær umsóknir um ríkisborgararétt á haustþingi en samkvæmt lögum veitir Alþingi ríkisborgararétt.



Laugardagur

Aukakrónur

Það er auðvelt að safna. Þú færð Aukakrónur fyrir:

- » alla innlenda veltu af kreditkorti
- » viðskipti við samstarfsaðila
- » þjónustuþætti hjá Landsbankanum

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

Mánudagur » Krónan

Nauðsynleg hvatning til umhverfisvæns lífstíls:

Grænn apríl, maí, júní, júlí...

Menn sem byggt hafa þau ríki jarðar sem kölluð eru þróuð síðustu áratugi hafa tekið margfalt meiri toll af gæðum jarðar en bæði forfeður þeirra og -mæður og íbúar annarra hluta jarðarinnar.

Staðan er þegar orðin þannig að hver kynslóð gengur verulega á umhverfið og skilar því til muna verr á sig komnu til næstu kynslóðar. Það er því ekki bara tímabært heldur hrein nauðsyn að snúa þessari þróun við.

Gríðarleg neysla hefur sett mark sitt á líf á vesturlöndum undanfarna áratugi, neysla sem veldur mengun á lofti, jörð og vatni. Íbúar þessara landa verða því að staldra við og endurskoða fjölmarga þætti í daglegum venjum sínum.

Íslendingar hafa lengi haldið í þá trú að þeir lifi í mikilli sátt við náttúruna og rétt er það að

hér mengum við ekki eins mikið og annars staðar með húshitun og vatnsskortur er hér afar fátíður. Rannsóknir sýna hins vegar fram á að Íslendingar eru með neyslufrekustu þjóðum heims. Þrátt fyrir að mörgu leyti góð skilyrði þá skilur hver Íslendingur eftir sig dýpri vistspor en flestir aðrir íbúar heims.

Margt kemur til en hugtakið neysla nær yfir stóran hluta. Þekkt er að einkabílafloti landsmanna er meiri en víðast hvar. Vissulega er erfiðara að byggja upp almenningsamgöngur hjá fámennri þjóð í stóru landi en þar sem fólk er fleira og býr þéttar. Engu að síður verður að auka möguleika í almenningsamgöngum jafnhliða því að halda á spöðunum varðandi þróun á eldsneyti sem skaðar umhverfið minna en það sem nú er notað af nærri öllum bílaflotanum.

Það má draga ýmsar ályktanir af heimilissorpi. Er þar mögulega að finna eitthvað sem betur hefði verið ókeypt? Er til dæmis keyptur of mikill matur til heimilissins? Tölur um hlutfall matvæla sem fleygt er á vesturlöndum eru geigvænlegar. Ljóst er að því meiri nýtni sem ástunduð er, ekki bara í mat heldur einnig fatnaði, húsbúnaði öllum, því minni vistspor. Þar gefur yfirleitt líka að líta mikið magn af umbúðum. Meðan neytendur láta bjóða sér að bera allar þessar umbúðir heim úr verslunum munu framleiðendur og seljendur varnings auðvitað halda áfram að bjóða þær. Hins vegar má draga úr souninni sem því að flokka sorp en umbúðir eru sem betur fer mjög oft úr endurvinnanlegum efnum, pappír og plasti.

Með átakinu Grænum apríl er sjónum almennings beint að umhverfismálum á breiðum grundvelli. Það er afar mikilvægt og þakkarvert að benda á alla mögulega þætti, stóra sem smáa, sem hver og einn hefur í sínu valdi að breyta og skilja með því eftir sig minni vistspor.

Vissulega vega margvíslegar ákvarðanir stjórnvalda um umhverfismál þungt. Umhverfisspillingarþróuninni verður hins vegar ekki snúið nema með viðhorfsbyltingu. Margt bendir til að sú bylting sé hafin og hún verður að leiða til þess að ekki aðeins apríl verði grænn heldur allir hinir mánuðirnir líka.

FRÉTTABLAÐIÐ
 ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald
 RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

FÉLAG FASTEIGNASALA **vísir**

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

FASTAIGNIR.IS

FRÁ DEGI TIL DAGS

Fáheyrt

Þau tíðindi bárust frá flokkskrifstofu Framsóknarflokksins fyrir helgi að Jónína Benediktsdóttir forstjóri væri gengin til liðs við hann. Jónína lýsti því í kjölfarið yfir að hún hygði á framboð. Leiða má getum að því að Jónínu séu ætlaðir stórir hlutir þar innanborðs, enda ekki á hverjum degi sem stjórnmalaflokkar senda frá sér fréttatilkynningar um nýja meðlimi. Það er raunar alveg fáheyrt.

Taumlaus valdagræði

Þetta eru ekki fyrstu kynni Jónínu af Framsóknarflokknum. Hún gekk í

hann skömmu eftir bankahrun en yfirgaf hann í fússi vorið 2010 eftir deilur um framboðslista flokksins í Reykjavík. Fáir muna efni þeirra deilna í dag, en Jónínu var heitt í hamsi og hafði þetta að segja um málið í samtali við DV: „Ég vil ekki koma nálægt flokknum á meðan vegið er að saklausu fólk í taumlausri valdagræði.“ En nú er hún komin aftur og framsóknarmenn hljóta að fagna þeirri traustsýrlyfingu.

Bjarnargreiði

Ólafur Ragnar Grímsson átti marga dygga stuðnings-

menn þegar hann bauð sig fyrst fram til forseta. Meðal þeirra voru Einar Karl Haraldsson, Karl Th. Birgisson og Sigurður G. Guðjónsson. Í Fréttatím-anum var fullyrt að allir þessir menn hefðu nú snúið við honum baki. Sigurður, sem hefur frá hrúni eingöngu birst opinberlega til að verja málstað útrásarvíkinga, segir þetta alrangt.

Ólafur njóti fulls stuðnings hans sem fyrr. Ólafur hefur nú í nokkur ár reynt að fjarlægja sig útrásinni og peningaöflunum. Ef Sigurður styður hann í alvöru ætti hann kannski ekki að auglýsa það mikið.



stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



Jafnræði, atvinnufrelsi og nýliðun

Sjávarútvegsmál



Grétar Mar Jónsson skipstjóri og fv. alþingismaður

Mikil umræða er nú um frumvarp um fyrirhugaðar breytingar á fiskveiðistjórnarlögum. Mitt mat er að það frumvarp sem nú liggur fyrir um breytingar á lögum komi ekki til með að stuðla að jafnræði, atvinnufrelsi og nýliðun þegar kemur að nýtingu sjávarauðlindarinnar. Jafnræði, atvinnufrelsi og nýliðun getur ekki orðið þegar aðeins á að setja 5% af heildarkvóta á Íslandsmiðum - sem er ca. 400.000 þorskígildistonn - í potta. Einnig er vert að hafa í huga þegar horft ert til jafnræðis, atvinnufrelsis og nýliðunar í tengslum við fyrirhugaðar breytingar að megnið af þeim aflaheimildum sem eru nú þegar í pottunum og aukningin samkvæmt frumvarpsdrögum verða nýtt af núverandi handhöfum kvótans. Það er vegna þess að byggðakvótann geta þeir einir nýtt sem eiga veiðiheimildir fyrir vegna reglunnar um tonn á móti tonni. Þ.e.a.s. útgerðarmaður þarf sjálfur að eiga eitt tonn til að setja á móti tonni af byggðakvóta. Línuvillun fá þeir einir sem eiga kvóta. Varðandi strandveiðarnar er það þannig að helminginn af þeim kvóta sem er í strandveiðipotti

veida þeir sem eiga kvóta fyrir, en hafa veitt hann fyrir 1. maí. Þetta gerir það að verkum að það má ætla að það verði aðeins 2% af heildarkvótanum á Íslandsmiðum sem ætlað er að uppfylla jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, atvinnufrelsi, nýliðun og álit Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna. Í staðinn fyrir þessa pínulitu skerðingu á heimildum fá hins vegar núverandi handhafar kvótans nýtingarréttarsamning til 20 ára sem er endurnýjanlegur með 15 ára uppsagnarfresti. Varðandi breytingar á lögum um stjórn fiskveiða er mikilvægt að tryggja samkeppnisstöðu fiskvinnslu án útgerðar þannig að allur fiskur verði seldur í gegnum fiskmarkaði. Einnig er mikilvægt að aðskilja veiðar og vinnslu. Fjórflökkurinn virðist ekki geta né hafa vilja til að tryggja jafnræði og mannréttindi hér á landi. Það er því aðeins ein leið sem hægt er að fara til að knýja fram breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu og það er þjóðaratkvæðagreiðsla um aflamarkskerfi eða dagakerfi.

Barlómur RE

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Formaður samtaka afskriftaframleiðenda segir að verði kvótafrumvarp ríkisstjórnarinnar að veruleika í núverandi mynd muni rigna blóði af himnum og engisprettufaraldur eyða landinu. Framkvæmdastjóri Aflandseyjavinnslunnar segir dökkan horfur framundan ef kvótafrumvarp ríkisstjórnarinnar verður samþykkt óbreytt; hann segist sjá dýr stíga upp af hafinu, það hafi tíu horn og sjö höfuð...

Fréttatímarnir hjá RÚV og Stöð 2 eru að verða eins og Opinberunarbók Jóhannesar. Þar birtist á hverjum degi í viðtali nýr spámaður með æði í augum og opnar nýtt innsigli með nýjum plágum, sem hann segist sjá.

Birtingarmynd frekjunnar

Orðbragðið er ofboðslegt. Breytingum á kvótakerfinu er líkt við versta hrylling 20. aldarinnar: Helförina, Gúlagið... Þegar Friðrik J. Arngrímsson fær ekki sitt fram undanbragðalaust er honum svo brugðið að hann líkir því við ofsóknir nasista á hendur gyð-

hins íslenska efnahagsundurs – sem reyndist svo efnahagsviðundur. Þessi velmegun var öll óveidd, byggð á væntingum og áformum –blásin út, rétt eins og verðið fyrir aðganginn að hinum óveidda fiski.

Með öðrum orðum: ekki til. Glópagull. Hins vegar urðu til menn sem héldu að helsta hlutverk athafnamanna í samfélaginu væri að græða peninga til að græða peninga – og þeir allra gáfuðustu fundu upp þá aðferð að tapa peningum til að græða peninga. En sá sem græðir endalaust peninga græðir ekkert á því – nema peninga.

Þeir klikkuðu

Samtök atvinnulífsins héldu vakningarsamkomu um daginn þar sem einhver hafði fundið upp á því að bera núverandi gjaldeyrishöft saman við bjór-bannið um árið. Það vitnar um athyglisverð hugrenningar-tengsl. Við afnám ýmissa hafta og óheft flæði fjármagns milli landa má nefnilega segja að íslenskir fjármálaspekúlantar hafi einmitt dottið í það; vandi þjóðarinnar er ekki síst til kominn af „ofneyslu“ þessara aðila á erlendum gjaldeyri. Erlendar skuldir þjóðarinnar urðu glóruslausar og vitnuðu um einhvers konar æði – ekki ölaði og úr urðu ekki auðævi heldur var þetta allt einhvers konar auðæði. Og nú eru þeir hjá SA sýnilega orðnir þurrbrjósta.

Höfundar þessa kerfis fóru um heiminn og hældust um af því að kvótakerfið væri undirstaða hins íslenska efnahagsundurs – sem reyndist svo efnahagsviðundur. Þessi velmegun var öll óveidd, byggð á væntingum og áformum –blásin út, rétt eins og verðið fyrir aðganginn að hinum óveidda fiski.

ingum. Svona fer fyrir þeim sem alltaf fá allt. Svona leikur frekjan mennina.

Þetta er nýjasta útgerðin og sú umsvifamesta til þessa: Barlómur RE – mannskapurinn um borð eru kunnar aflaklær við mótun almenningsálits, almannatenglar, bankamenn, endurskoðendur, stjórnsmálmenn, hagfræðingar, lögmenn og allir ráðnir upp á hlut – gerður út til að hindra með öllum ráðum að gerðar verði nokkrar breytingar á því fyrirkomulagi sem reynst hefur svo afdrifarikt fyrir íslenskt samfélag og mótað það meira en annað. Með kvótakerfinu fylltist allt af peningum sem voru ekki til, frá mönnum sem höfðu aflað þeirra með því að selja það sem þeir áttu ekki: óveiddan fisk.

Undirstaða efnahagsundursins

Og þeir sem fjárfest höfðu í áformum um að veiða fisk – kvóta – flýttu sér að breyta þeim áformum í verðmæti, með því að veðsetja kvótann, fá peninga í hendur og kaupa sér hús í vesturbænum í Reykjavík, brjóta niður hús í vesturbænum í Reykjavík, kaupa bílaumbod, enskt fótboltið, þyrilu, bara eitthvað nógu fáránlegt til að tjá rótgróna fyrirlitningu á þessum auði... Menn sem við höfum horft upp á spreðandi í kringum sig stórkostlegum fjárhæðum koma nú hver af öðrum fram blásvartir í fram af heift og segjast ekki vera aflögu færir með að greiða gjald til samfélagsins af auðlind sem á þó að heita í eigu þjóðarinnar.

Þetta var mjög þróað. Höfundar þessa kerfis fóru um heiminn og hældust um af því að kvótakerfið væri undirstaða

En þeir klikkuðu. Íslenskir kapítalistar réðu ekki við kapítalismann. Þeir stóðu ekki undir því að búa við viðskiptafrelsi. Þeir fyrirgerðu rétti sínum til þess að ná eyrum okkar með sín úrræði. Því miður. Við höfum fengið nóg af auðæðistilburðum þeirra. Og því höfum við nú ríkisstjórn sem leitast við að reisa íslenskt samfélag úr þeim rústum sem þeir skildu eftir sig. Eflaust gerir sú ríkisstjórn eitt og annað af veikum mætti enda nýtur hún ekki einu sinni trausts innan eigin raða. En þetta er ríkisstjórn sem við getum gagnrýnt án þess að eiga á hættu atvinnumissi. Það er nokkurs vert.

Sjálftæðismenn tala eins og það jafngildi vist í Gúlaginu að fá ekki lengur að græða peninga á hvaða hátt sem er. Allt í einu getur maður ekki rekið skóla og greitt sjálfum sér milljóna-arð þegar ríkið stendur undir kennaralaunum og skólagjöld eru himinhá. Allt í einu getur maður ekki fegrað afkomu fyrirtækja í ársreikningum með fulltungi endurskoðunarfyrirtækja með virðuleg útlensk nöfn. Allt í einu getur maður ekki stungið arði undan í eignarhaldsfélögum í erlendum skattaskjólum. Það er ekki kommúnismi. Það er ekki alræði og ekki óþolandi skerðing á frelsi einstaklingsins. Það er einfallega verið að reyna að koma á síðuðu samfélagi.

Kannski hætta einhverjir útgerðarmenn í fússi og fara með allt sitt heim til Tortóla. Já, en fiskurinn óveiddi í sjónum: hann fer ekki með þeim. Hann verður hér áfram og vonandi undirstaða fyrir gróandi þjóðlíf.

AF NETINU

Og Muamba þakkar...

„Það er ánægjulegt að heyra hversu vel leikmanni enska liðsins Bolton gengur að ná heilsu aftur. Hann fékk hjartaáfall í miðjum leik við Tottenham fyrir nokkru. Fullt af fólk rauk til og lagði alla sína kunnáttu og tækni í að halda í honum lífinu og koma honum á sjúkrahús þar sem hann fékk aðstoð færustu lækna. Ég veit ekki hversu margir komu að því að bjarga lífi hans, bara á vellinum var talsverður fjöldi. En hverjum þakkar kappinn? Þeim læknum og sjúkraliðum sem héldu í honum lífinu. Nei, hann þakkar guði.“

blog.eyjan.is/valgardur/

Valgardur Guðjónsson

Eðlilegt kannski að komast aftur í tísku

„Ég horfði á fyrsta þáttinn af sjónvarpsþættinum Girls, sem hefur verið lýst sem “Sex in the city – the next generation”. Þetta er ágætis stöf og frábærast að fólk í þættinum er ekki fótósjoð og alveg með hold utan á sér og svona. Eðlilegt. Ekki skinkað. Þetta gefur smá von um að eðlilegt sé að verða inn.“

<http://drgunni.wordpress.com/>

Gunnar Lárus Hjálmarsson



ÁRSFUNDUR 2012

Ársfundur Gildis-lifeyrissjóðs verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica miðvikudagurinn 25. apríl kl. 17.00.

Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins liggja frammi á skrifstofu sjóðsins og eru birtar á heimasíðunni, www.gildi.is

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum.

Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Reykjavík 10. apríl 2012,

Stjórn Gildis-lifeyrissjóðs.



Gildi - lifeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is

Fjárfestum í eigin landi

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins efna til fundar um opinberar fjárfestingar í ljósi ramma- og samgönguáætlana og nýs Landspítala

Miðvikudaginn 25. apríl kl 8:30 - 10.00 á Hilton Reykjavík Nordica

Opinberar fjárfestingar og atvinnusköpun

Kristján L. Möller, formaður atvinnuveganefndar Alþingis

Rammaáætlun

Bryndís Skúladóttir, forstöðumaður umhverfismála hjá SI

Nýr Landspítali

Gunnar Svavarsson, form. byggingarnefndar um nýjan Landspítala

Opinberar fjárfestingar og lifeyrissjóðirnir

Heiðrún Jónsdóttir, stjórnarmaður í Gildi og framkvæmdastjóri hjá Eimskip

Afstaða þingflokka til verkefnanna

Sjálftæðisflokkur, Bjarni Benediktsson
Framsókn, Sigurður Ingi Jóhannesson
Samfylking, Magnús Orri Schram
Vinstri græn, Björn Valur Gíslason

Panelumræður

Fundarstjóri: Sigþór Sigurðsson,
formaður Mannvirkis

Skráning á www.si.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Þjóðargjöf

Styðjum við lestur
íslensku þjóðarinnar



Ávísun á lestur

KR.

1.000,-

Eittpúsund krónur

Bókaútgefendur og bóksalar

GILDISTÍMI *Gildir til 14. maí 2012*



 Arion banki

1.000 KR. AFSLÁTTUR

Ávísunin veitir þér 1.000 kr. afslátt af bókakaupum. Hún gildir í bókabúðum þegar keyptar eru bækur útgefnar á Íslandi fyrir 3.500 kr. að lágmarki.

STYRKJUM SKÓLABÓKASÖFNIN

Ávísunin er gjöf frá bókaútgefendum og bóksölum. Með því að nota hana styrkir þú lestur íslenskra barna. Af hverri notaðri ávísun renna 100 krónur til bókasafna grunnskólanna.

Í Viku bókarinnar fá öll heimili í landinu senda **Ávísun á lestur** að andvirði 1.000 kr. Hana geta allir nýtt til bókakaupa dagana 23. apríl til 14. maí 2012.

Aðferðin er einföld. Þú ferð með ávísunina í næstu bókabúð eða á annan sölustað bóka. Kaupir bók eða bækur fyrir að lágmarki 3.500 kr. og greiðir 1.000 kr. af upphæðinni með ávísuninni.

Skilningur á lesmáli er undirstaða náms barnanna okkar. Bókasöfn grunnskólanna gegna hér lykilhlutverki sem hornsteinar lestrarhvatningar á Íslandi. Þess vegna látum við 100 kr. af hverri nýttri ávísun renna í Skólasafnasjóð sem úthlutar styrkjum til bókasafna grunnskólanna.

Ávísanir berast á næstu dögum en þeir sem ekki fá ávísun senda geta nálgast hana í næsta Arion banka eða hringt í síma 444-7000.

 Arion banki


FÉLAG ÍSLENSKRA
BÓKAÚTGEFENDA



54 HILMAR ÖRN HILMARSSON allsherjargoði á afmæli í dag. „Það er dýrmætt að finna hvernig opinn og góður hugur, vinátta og virðing geta umbreytt erfiðum aðstæðum í úrlausn og sáttargjörð.“

Afmæli Laxness víða fagnað

110 ár eru liðin frá fæðingu Halldórs Laxness í dag. Afmælisdeginum, sem jafnframt er alþjóðlegur dagur bókarrinnar, verður fagnað með ýmsum hætti í dag.



HALLDÓR Á RAFBÓK í tilefni af afmælisdegi Halldórs Laxness koma út sex bækur honum tengdar í dag; fimm skáldsögur og ævisaga hans, eftir Halldór Guðmundsson.

Í hádeginu opnar í Þjóðarbókhöðunni sýningin Bernska skálds í byrjun aldar þar sem horft er til bernsku Halldórs Laxness í byrjun síðustu aldar. Þar verða meðal annars til sýnis bréf og leikföng frá æsku hans.

Í Bíó Paradís hefst kvikmyndahátíðin Laxness í lifandi myndum þar sem sýndar verða kvikmyndir sem byggðar eru á verkum Halldórs. Þar á meðal er Brekkukotsannáll, sem ekki hefur verið sýnd í sjónvarpi í 40 ár og aldrei áður í lit og á bíótjaldi. „Ég vonast til að þessi kvikmyndahátíð verði upphafið að því að þessar myndir verði sýndar oft. Þær eru hluti af okkar menningararfi,“ segir Guðný Dóra Gestsdóttir, framkvæmdastjóri safnsins á Gljúfrasteini. Hátíðin er samstarfsverkefni safnsins, RÚV og Bíó Paradísar.

Þá gefur Forlagið í dag út sex nýjar rafbækur tengdar skáldinu. Um er að ræða fimm skáldsögur; Íslandsklukkuna, Sjálfstætt fólk, Sölku Völku, Brekkukotsannáll og Heimsljós, auk ævisögu Halldórs eftir Halldór Guðmundsson. „Þetta er auðvitað mjög ánægjulegt,“ segir Guðný Dóra. „Við á Gljúfrasteini reynum að fá börn í heimsókn til okkar sem oftast og höfum að markmiði að fá börn til að lesa, ekki bara verk Halldórs Laxness heldur aðrar bókmenntir líka. Svo auðvitað fögnum við því að bækur hans verði gerðar aðgengilegar fyrir sem flesta.“

- hhs

PETTA GERÐIST: 23. APRÍL 1983

Fyrstu kvennalistakonur á þing

Þrjár konur úr Samtökum um kvennalista náðu kjöri á Alþingi Íslendinga í kosningum sem haldnar voru þennan dag árið 1983. Þetta var í fyrsta skipti sem Kvennalistinn bauð fram til þings en árið áður hafði Kvennaframboðið í Reykjavík fengið tvo fulltrúa kjörna í borgarstjórn og Kvennaframboðið á Akureyri aðrar tvær. Samtök um kvennalista buðu fram í þremur fjölmennustu kjördæmum landsins vorid

1983, í Reykjavík, á Reykjanesi og á Norðurlandi eystra. Þau fengu 5.5% fylgi og það voru þær Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Guðrún Agnarsdóttir sem þingsæti hlutu í Reykjavík og Kristín Halldórsdóttir á Reykjanesi. Eitt mikilvægasta baráttumál Kvennalistans var frelsi sem fól í sér rétt kvenna til að vera metnar að eigin verðleikum til jafns við karlmenn.



SVEINN RUNÓLFSSON LANDGRÆÐSLUSTJÓRI Er meðal fyrirlesara í Öskju á morgun. Aðrir eru Steinunn Inga Óttarsdóttir bókmenntafræðingur, Ólafur Jónsson læknir, Helgi Björnsson jöklafræðingur og Oddur Sigurðsson náttúrufræðingur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SVEINN PÁLSSON NÁTTÚRUFRÆÐINGUR OG LÆKNIR: 250 ÁRA AFMÆLIS MINNST

Vildi hvers manns vanda leysa

„Sveinn Pálsson var mikill afkastaður. Hann var frumkvöðull í rannsóknnum á náttúru landsins, rithöfundur og læknir. Svo var hann ferðagarpur og gekk til dæmis á Óræfajökul fyrstur manna,“ segir Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri þegar forvitnast er um forföður hans, Svein Pálsson, náttúrufræðing og lækni sem minnst verður tvo næstu daga í tilefni 250 ára afmælis hans. Annars vegar verður málþing um ævi hans og störf í sal 132 í Öskju á morgun, 24. apríl, milli klukkan 15 og 17 og hins vegar hátíðardagskrá í Vík í Mýrdal á fæðingardegi hans 25. apríl sem er einnig dagur umhverfisins, valinn honum til heiðurs. Umhverfisráðuneytið stendur fyrir viðburðinum, ásamt Mýrdalshreppi, Landgræðslu ríkisins og Læknafélagi Íslands.

